



Borgarráð

Lautarvegur 34 - aðilaskipti

Óskað er eftir að borgarráð samþykki aðilaskipti á handhafa lóðarréttinda og byggingarréttar að Lautarvegi 34, þannig að í stað Reynis Elfars Kristinssonar kt. 281060-3689 verði Arion banki hf., kt. 581008-0150, handhafi lóðarréttinda og byggingarréttar að Lautarvegi 34, enda beri hann öll sömu réttindi og skyldur og fyrri lóðarhafi.

Greinargerð: Borgarráð samþykkti þann 22. nóvember 2007 að úthluta Reyni Elfari Kristinssyni kt. 281060-3689 lóðinni við Lautarveg 34. Þann 20. apríl 2016 var lóðin seld á nauðungarsölu til Arion banka hf. Er því óskað eftir aðilaskiptum þessum.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Afsal vegna nauðungarsölu dags. 20. apríl 2016



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, www.syslumenn.is

s: 4582000

004142

Skjal D
Móttekið til þinglýsingar

22. APR. 2016

Afsal vegna nauðungarsölu

Lautarvegur 34, 232-8065, Reykjavík

Sölu lokið : 2. desember 2015.
Gerðarþoli/ar: Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609.
Kaupandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150.
Söluverð kr.: 10.000.000,-

INNFÆRT

28. APR. 2016



- I. Kaupandi hefur greitt söluverðið og efnt söluskilmála að öðru leyti sem fram koma í auglýsingu dómsmálaráðuneytisins nr. 572/2010 og er honum hér með afsöluð ofangreind fasteign, ásamt því sem eigninni fylgir og fylgja ber. Eignin er seld í því ástandi sem hún var í þegar endanlega var lokið við að leita boða í hana við nauðungarsölu.
- II. Kaupandi nýtur umráða eignarinnar og ber áhættu af henni frá samþykki boðs, 16. desember 2015.
- III. Kaupandi á rétt til arðs af eigninni og greiðir gjöld af henni frá því að lokið var að leita boða við nauðungarsölu.
- IV. Kaupanda ber að hlíta kvöðum og höftum á eigninni, þ.á m. leigusamningi og öðrum sammingsbundnum afnotaréttindum, að því leyti sem söluverð hennar hrekkur til greiðslu upp í réttindi sem standa að baki þeim kvöðum og höftum í réttindaröð.
- V. **Afsal þetta tekur einungis til byggingarréttar og leigulóðarréttinda á lóðinni. Leigulóðarréttindi verða ótímabundin þar til lóðarleigusamningur hefur verið gefin út til afsalshafa.**
- VI. Afmá skal úr þinglýsingabókum öll veðbönd og önnur óbein eignarréttindi skv. 56. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991. Lögbundnar kvaðir og lögbundinn forkaupsréttur er ekki afmáður ef um það er að ræða.
- VII. Hæstbjóðandi var veðhafi í eigninni.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

20. apríl 2016

Hanna Sigmundardóttir,
lögfræðingur

